# „Alvarlegt mál hversu umræðan er orðin neikvæð“

Ímynd greinarinnar er stærsta viðfangsefni sjávarútvegsins á komandi fiskveiðiári að mati framkvæmdastjóra Landssambands smábátaeigenda. Leggur hann til breytt fyrirkomulag veiðigjalda og aukna áherslu á dagróðrabáta í ráðstöfun atvinnu- og byggðakvóta.

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is


Smábátaútgerðirnar setja svip sinn á byggðir landsins. Sérstaklega þegar strandveiðarnar fara fram.

Morgunblaðið/Eggert

Ertu búinn að koma þér fyrir með kaffibolla við hönd? spyr blaðamaður er Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda (LS), svarar í símann. „Já,“ segir hann. „Og svo þessa dýrindisrandalínu frá síðustu jólum sem ég var að taka úr frysti. Djöfull góð.“

Blaðamaður getur ekki annað en sagt frá því að ekki hafi fengist góð randalína frá því að amma dó enda smurði hún kreminu svo þykkt á milli – að akureyrskum sið. „Heyrðu,“ segir Örn skyndilega. „Ég sendi þér mynd af þessari því hún er ekta akureyrsk,“ bætir hann við og lýsir því að ekki sé farið sparlega með kremið norðan heiða.

Eftir nokkurt hjal um tertumenningu er ekki annarra kosta völ en að snúa sér að tilgangi samtalsins og spyrja hvað sé efst á baugi í greininni á komandi fiskveiðiári. „Það sem mér finnst mjög aðkallandi er að bæta ímynd sjávarútvegsins meðal þjóðarinnar. Mér finnst mjög alvarlegt mál hversu umræðan er orðin neikvæð um greinina, landsmenn ekki nógu jákvæðir gagnvart sjávarútveginum,“ svarar Örn.

„Menn mega ekki gleyma því að fólk eins og félagsmenn okkar, þeir eiga allt undir því að kerfið haldist í stórum dráttum óbreytt. Þeir hafa byggt upp sín fyrirtæki með það fyrir augum að geta treyst á stöðugleika og sátt,“ bætir hann við.


Morgunblaðið/Eggert

Örn Pálsson leggur til að aukin veiðigjöld verði lögð á útgerðirnar með mesta aflamarkið.

### Líta jákvætt á strandveiðar

Örn segir hins vegar til þætti innan sjávarútvegsins sem hafa jákvæða ímynd og bendir á strandveiðarnar en veiðitímabilinu lauk fyrr í mánuðinum eftir að veiðiheimildir sem ráðstafað var kláruðust. Mikilvægt sé að efla þessar veiðar og tryggja með lögum öllum strandveiðibátum 48 veiðidaga. „Það er að hverjum bát séu tryggðir tólf dagar á mánuði og strandveiðitímabilið nái yfir fjóra mánuði.“

Hann telur vel hægt að leysa þann vanda að tryggja nægar veiðiheimildir innan ramma veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunar fyrir 48 daga. Telur hann strandveiðar og línuívilnun best heppnuðu veiðarnar innan atvinnu- og byggðakvótakerfisins sem fer með 5,3% af útgefnu aflamarki. „Þá eiga einfaldlega þeir sem eru í þessum hópum [strandveiðum og línuívilnun] að njóta forgangs að veiðiheimildum innan þessa 5,3 prósenta. Það sem verður eftir fari í byggðakvótana og þá fyrst og fremst til dagróðrabáta, því það eru þeir sem gefa byggðarlögum líf og þurfa mest á þessum heimildum að halda.“

Strandveiðarnar skipa sífellt mikilvægari sess í atvinnulífinu að sögn Arnar. „Í sumar voru um 700 bátar á strandveiðum og þá að minnsta kosti jafn margir sem hafa atvinnu af þessu á sjó. Það eru allt af að koma inn nýir aðilar sem eru að uppgötva að þetta eigi vel við þá. Já og vel á minnst; nánast allt selt í gegnum fiskmarkaði og fjölmörg störf í landi sem fylgja.“


Morgunblaðið/Líney Sigurðardóttir

Boltafiski landað að morgni í Þorshöfn á dögunum.

### Áhyggjur af skerðingum

Veruleg skerðing verður á útgefnu aflamarki í þorski á nýju fiskveiðiári og nemur lækkun milli ára 13%. „Þetta verður erfitt ár,“ segir Örn. „Menn eru að reyna að kaupa meiri heimildir til að draga úr áhrifum skerðingarinnar en djúpt er á þeim. „Stærri útgerðirnar hafa forgang í að ná þessum veiðiheimildum til sín.“

Í ljósi þessa er blaðamaður knúinn til að spyrja um afstöðu sambandsins til hugmynda um að fyrna veiðiheimildir sem fyrir eru og setja á uppboð og selja hæstbjóðanda.

„Þetta er ákveðið vandamál og við viljum að farið sé mjög varlega í allar svona breytingar. Ef verið er að tala um uppboð – að það verði ofan á að komandi stjórnvöld hafi það á stefnuskrá sinni að boðnar verði upp veiðiheimildir – verður að leggja mikla áherslu á að haga útboðum þannig að hægt sé að tryggja veiðiheimildir til þessara minnstu aðila, að þeir njóti ákveðins forgangs, að þeirra réttur sé varinn.“

Hann segir að LS standi vörð um veiðirétt félagsmanna. Uppboð eða fyrning hafi ekki verið á dagskrá hjá núverandi stjórnvöldum og því ekki verið rætt innan LS. Hann telur litlar líkur á að breyting verði þar á, en ef svo verður þurfi að skoða vandlega hvernig útfærslum verður hátt að verði það stefna stjórnvalda að fara hina svokölluðu fyrningarleið og bjóða upp heimildirnar.

### Taki gjald af stærri útgerðum

Þá beinir Örn máli sínu að veiðigjöldunum og bendir á að oft sé minnst á aukna gjaldtöku af nýtingu sameiginlegrar auðlindar. „Verði gerð krafa um slíkt hef ég viðrað þá hugmynd að álag verði sett á veiðigjald hjá þeim sem eru komnir yfir ákveðið efra mark í veiðiheimildum.“ Þannig verður, að mati hans, dregið úr þeirri þróun sem hefur leitt af sér aukna samþjöppun í greininni og komið til móts við kröfuna um aukna gjaldheimtu, en þó þannig að það komi ekki niður á smærri útgerðum.

Að lokum kveðst framkvæmdastjórinn sannfærður um að það sé töluvert meira af ýsu í hafinu umhverfis Ísland en fiskifræðingar telja. „Það verður að auka við ýsukvótann á [komandi] fiskveiðiári. Þær veiðiheimildir sem hafa verið gefnar út eru of litlar miðað við þá ýsugengd sem nú er. Með óbreyttum aflaheimildum endurtaka sig sömu vandræðin og verið hafa á yfirstandandi fiskveiðiári að heimildir í ýsu duga ekki til að ná þorskinum. Þá var bætt við ýsukvótann, sem ég tel einsýnt að verði að gera á næstu mánuðum.“

## Strandveiði 2021

Aflaverðmæti á strandveiðum sumarsins er um fjórir milljarðar króna og er vertíðin sú stærsta í þrettán ára sögu strandveiða við landið. Aldrei hefur meiri afli komið á land eða alls 12.146 tonn, þar af 11.139 tonn af þorski.

Aflahæsti báturinn á vertíðinni var Agla ÁR 79 sem kom alls með 51 tonn að landi, en Agla reri á svæði A, frá Arnarstapa til Súðavíkur. Á B-svæði, frá Norðurfirði til Grenivíkur, var Jón Magg ÓF aflahæstur með 38,6 tonn. Lundey ÞH var aflahæst á C-svæði, frá Húsavík til Djúpavogs, með 38 tonn og Snjólfur SF 65 á D-svæði, frá Hornafirði í Borgarnes með 46 tonn.

Meðalafli á bát var 18 tonn, sem er 349 kílóum meira en í fyrra. Meðalafli á bát í róðri var 673 kíló, aukning um 15 kíló á dag frá síðasta ári. Leyfi til veiða fengu 688 bátar og lönduðu 672 þeirra afla. Flestir voru bátarnir á A-svæði í ár eins og venjulega, en þar landaði 261 bátur afla. Mestur fjöldi á strandveiðum var árið 2012 þegar 759 bátar stunduðu veiðar.